

VILTU EIGA

# SKEMMTILEGT OG UPPBYGGILEGT ÁHUGAMÁL

OG HEFUR GAMAN AF  
ÞVÍ AÐ SYNGJA?

Þá er Kór Lindakirkju  
eitthvað fyrir þig. Hafðu  
samband við  
Hannes Baldursson  
organista á netfangið:  
hannes@lindakirkja.is  
eða í síma 544 4477



## TAKIÐ FRÁ DAGANA 25.-26. NÓVEMBER FYRIR AÐVENTUFERÐ FJÖLSKYLDUNNAR

Í VINDÁSHLÍÐ

# NÁNAR AUGLÝST SÍÐAR!



# FRÉTTABRÉF LINDASÓKNAR

2. tbl. 3. árg. HAUST 2005

## Vetrarstarfið hefst á sunnudaginn!

Þó að enn sé talsverður sumarbragur á náttúrunni og veðrinu þá eru lauf samt tekin að fölna og Kári að anda köldu.

Hér í Lindasókn, sem samanstendur af Vatnsenda-, Kóra-, Sala-, og Lindahverfum hefst vetrarstarfið að nýju með guðsþjónustu og sunnudagaskóla í Lindaskóla næsta sunnudag 4. september kl. 11. Umsjónarmenn sunnudagaskólans eru þeir sömu og síðasta vetur; Mjöll Þórarinsdóttir, Guðrún Fjóla Guðnadóttir, Petra Eiríksdóttir, Eggert Kaaber, Einar Helgi Ragnarsson og Páll Ágúst Ólafsson.

Á sunnudaginn fá börnin einnig afhenta nýja

sunnudagaskólapoka og ný hefti til að safna í myndum hvern sunnudag. Akstur er í guðsþjónusturnar úr Vatnsenda-, Kóra og Salahverfi. Bill merktur **Ingi Hóþferðabílar** ekur um Vatnsenda, niður Kórahverfi og Salahverfi og í Lindaskóla. Billinn er við fyrstu stoppistöð á Vatnsenda um kl. 10:40. Eru íbúar í þessum hverfum hvattir til að nota þessa þjónustu.

Við hlökkum mikið til að hefja þennan fjórða starfsvetur Lindasóknar og bjóðum öll sóknarbörn á öllum aldri hjartanlega velkomin í guðsþjónustu á sunnudaginn!

## Fastir liðir í safnaðarstarfinu í vetur

**Sunnudagar** Sunnudagaskóli og guðsþjónusta í Lindaskóla kl. 11

**Mánudagar** Unglingastarf KFUM&K og Lindasóknar í Safnaðarheimilinu kl. 20-21:30. Starfið hefst mánudaginn 12. september.

**Þriðjudagar** Foreldramorgnar í Safnaðarheimili Lindasóknar kl. 10-12.

Fyrsti foreldramorgunn vetrarins er 6. september.

**Þriðjudagar** Kór Lindakirkju æfir í Safnaðarheimilinu kl. 20-22:00

**Föstudagar** Æskulýðsstarf KFUM&K og Lindasóknar í Safnaðarheimilinu frá kl. 15:30-16:30. Starfið hefst föstudaginn 16. sept.



Safnaðarheimili Lindasóknar, Uppsölum 3.



Lindaskóli

## Starfsfólk Lindasóknar



**Guðmundur Karl Brynjarsson,**  
sóknarprestur.  
Netfang: guðmundur.karl@lindakirkja.is



**Hannes Baldursson,**  
organisti og kórstjóri.  
Netfang: hannes@lindakirkja.is



**Sigríður Kjartansdóttir,**  
meðhjálpari og húsvörður í  
safnaðarheimilinu.  
Netfang: sigridur@lindakirkja.is  
**Safnaðarheimili Lindasóknar s. 555 4477**

## Hausthátíð KFUM&K

Barnastarf KFUM&K hefst með Hausthátíð í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum 11. september næstkomandi. Ókeypís aðgangur er í garðinn frá kl. 10 um morguninn og allir velkomnir. Formleg dagskrá í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum er milli kl. 14 og 17. Þar gerist margt skemmtilegt: Ómar Ragnarsson skemmtir, Brúðubíllinn fyrir yngstu börnin, afróðans, Tóti trúður og vitlaus hestamaðurinn og fleira og fleira. Auk þess verður viðamikil bílasýning í garðinum. Kl. 17 verður gengið í skrudgöngu að aðalstöðvum KFUM&K við Holtaveg. Þar syngur, meðal annars, Gospelkór KFUM&K en að lokinni samkomunni er boðið til grillveislu. Barnastarf KFUM&K hefst svo í vikunni sem fylgir, 12.-18. september.



## FRÉTTABRÉF LINDASÓKNAR

Ábyrgð, ritun og uppsetning: Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson.  
Fréttabréfið er gefið út í 2500 eintökum og dreift á öll heimili í Lindasókn.



Skirt í messu í Lindaskóla haustið 2003

## SKÍRNIR

**Alexander** var skírður í Safnaðarheimili Lindasóknar 20. mars og fermdist síðar um vorið. Foreldrar hans eru Íris Guðrún Stefánsdóttir og Njáll Gíslason.

**Ómar Atli** var skírður í guðspjónustu í Lindaskóla 10. apríl. Foreldrar hans eru Inga Rut Gylfadóttir og Viggó Sigursteinsson. Bróðir Ómars Atla er Árni Steinn 10 ára.

**Kristófer Máni** var skírður heima í Laugalind 5 þann 9. júlí. Foreldra hans eru Sóley Þórarinsdóttir og Páll Einarsson. Kristófer Máni á tvær eldri systur, þær Láru Margréti 8 ára og Freyju Sól sem er alveg að verða fimm ára.

**Emma Dís og Brynja Dögg** voru skírðar 13. júlí heima í Jörfalind 9. Foreldrar tvíbúrasysturanna eru Berglind Brynjarsdóttir og Benedikt Einarsson.

**Arnaldur** var skírður heima í Brekkuhvarfi 12 þann 17. júlí. Foreldrar hans eru Sigrún Ólafsdóttir og Pálmi Sigurhjártarson. Stóri bróðir Arnaldar er Sigurhjörtur sem bráðum verður sjö ára.

**Saga** var skírð 14. ágúst heima í Grundarhvarfi 8. Foreldrar hennar eru Sandra Hauksdóttir og Magnús Ólafsson.

**Jökull Smári** var skírður í Digraneskirkju 21. ágúst. Foreldrar hans eru Ásdís Írena Sigurðardóttir og Gestur Benediktsson. Fjölskyldan býr í Sólarsölum 1.

**Víðir Freyr** var skírður heima í Álfkonuhvarfi 51 þann 26. ágúst. Foreldrar Víðis Freys eru Karen Víðisdóttir og Karl Fjölur Finnbogason.

# EFLUM SÖNGINN Í KIRKJUNNI!

Kór Lindakirkju er nú að hefja fjórða starfsár sitt og eru félagar hans um 20 manns. Kórstjóri frá upphafi hefur verið Hannes Baldursson. Kórinn syngur við helgihald safnaðarins og eru verkefni mjög fjölbreytt. Kórinn syngur við almennar guðspjónustur Lindasóknar í Lindaskóla kl. 11:00 hvern sunnudag auk tónleika að vori og á aðventunni. Kórinn hefur sungið með söngfólki að Elli- og hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð tvisvar á ári svo og við önnur tækifæri ef óskað er. Æfing er einu sinni í viku á þriðjudögum frá kl. 20.00 - 22.00. Gaman væri að fá góð viðbrögð frá söngelsku fólki í Lindasókn sem gæti lagt kórnum lið, því hér er um að ræða líflegt og skemmtilegt starf. Formleg innritun verður í Safnaðarheimilinu



Frá adventutónleikum

Þriðjudaginn 6. september kl. 17.00 - 19.00 eða í síma 544 4477. Netfang Hannesar er hannes@lindakirkja.is.

## Fréttir af kirkjubyggingu

Eins og fram kom í síðasta tbl. Fréttabréfs Lindasóknar útnefndi Sóknarnefnd Lindasóknar byggingarnefnd Lindakirkju síðasta haust. Eftir að nefndin lauk vinnu við fjárhagsáætlun, þarfagreiningu og sitthvað fleira var farin sú leið að bjóða áhugasömum aðilum frá níu arkitektastofum að kynna sína vinnu fyrir nefndinni. Byggingarnefndin valdi fimm stofur til að teikna hugmyndir að kirkjubyggingu. Munu þessir aðilar skila sinni vinnu síðla októbermánaðar og í framhaldinu munu sóknarnefnd og byggingarnefnd, með fulltingi fagaðila velja eina hugmynd til frekari úrvinnslu. Verkefni framundan eru því bæði í senn vandasöm og spennandi. Þegar nefndin hefur lokið vali verður haldin sýning á þeim hugmyndum sem bárust. Formaður byggingarnefndar er Þorvaldur Ólafsson, húsasmíðameistari.

## Sigga og skessan í messu

Sunnudaginn 23. október verður sérstök fjölskylduguðspjónusta í Lindaskóla. Þar mun Stopp-leikhópurinn sýna glænýja leikgerð af Sigu og skessunni í fjallinu eftir Herdís Egilsdóttur. Margir foreldrar munu eflaust eftir þessum persónum úr Stundinni okkar og nú gefst tilvalið tækifæri til að leyfa börnunum að kynnast þeim líka. Þessi fallega saga fjallar um mikilvægi þess að dæma ekki aðra eftir útlitinu.



OFFSET  
FJÖLRITUN

**INGI**  
HÓPFERDIR  
**55 444 66**